



Arnarnesvegur

Vegagerðin í samráði við Kópavogsbæ og Garðabæ stendur fyrir framkvæmdum við gerð mislægra gatnamóta við Reykjanesbraut og Arnarnesveg.

Verkið nær til gerðar rampa, þvervega, tveggja brúa sem mynda hringtorg, undirganga undir Arnarnesveg og annarra mannvirkja sem tilheyra framkvæmdinni. Suðurverk og Skrauta vinna að verkinu, Suðurverk sér um jarðvinnu og gatnagerð, Skrauta sér um uppsteypu á brúm og öðrum mannvirkjum.

Þessi mislægu gatnamót eru mjög sérstök þar sem verið er að byggja tvær brýr sem mynda hringtorg ofan við Reykjanesbraut. Byggðir verða fjórir rampar sem tengja Reykjanesbraut við hringtorgið.

Almenna verkfræðistofan átti hagstæðasta tilboð í umsjón og eftirlit með framkvæmdinni. Vinna við framkvæmdina er þegar hafin og gengur framkvæmd mjög vel, stefnt er að því að hleypa umferð á gatnamótin í haust.

Hönnun Hlíðarfótar í Vatnsmýrinni

Almenna verkfræðistofan vinnur að hönnun Hlíðarfótar, en gatan Hlíðarfótur liggur frá Hringbraut að Flugvallarvegi á móts við Hótel Loftleiðir. Mikil uppbygging er áformuð vestan við Öskjuhlíðina með nýbyggingum Háskóla Reykjavíkur. Vegna þessa er nauðsynlegt að bæta samgöngur að svæðinu, og ákveðið var að leggja nýja götu Hlíðarfót. Hlíðarfótur mun tengjast við Hringbraut, þar sem nú eru ljósastýrð gatnamót við Vatnsmýrarveg. Hringtorg

verður á gatnamótum Hlíðarfótar og Flugvallarveg. Meðfram Hlíðarfæti verða góðar gönguleiðir og hjólréiðastígar frá HR. Tvenn undirgöng verða byggð við hringtorgið, annars vegar á Flugvallarveg og hins vegar undir Hlíðarfót. Áformað er að ljúka þessari gatnagerð sumarið 2008. Í byrjun verður Hlíðarfótur ein akrein í hvora átt, en gert er ráð fyrir því að með vaxandi umferð þurfi að breikka Hlíðarfót í tvær akreinar í hvora átt. Í skipulagi er gert ráð fyrir að lögð verði göng undir Öskjuhlíðina sem tengist Hlíðarfætinum.



Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Vesturflughlöð á Keflavíkurflugvelli

Snemma á þessu ári samdi AV við breska ráðgjafafyrirtækið Mott MacDonald um verkfræðiráðgjöf vegna fyrirhugaðrar byggingar 2. áfanga Vesturflughlaða á Keflavíkurflugvelli. Mott MacDonald eru aðalráðgjafar verksins gagnvart Flugmálastjórninni í Keflavík. Helstu verkþættir AV eru fráveita, rafveita og lýsing og yfirumsjón með gerð útboðsgagna. Verkfræðistofan Rafhönnun er ráðgjafi AV varðandi rafveitu og lýsingu.

Vesturflughlöð eru vestan við Flugstöð Leifs Eiríkssonar, nánar tiltekið við miðstöð fraktflutninga á Keflavíkurflugvelli. Flughlöðin hétu til skamms tíma Fraktflughlöð Keflavíkurflugvelli. Nafnbreytingin er til komin vegna þess að ákveðið hefur verið að nota þessi flughlöð einnig fyrir farþegavélar.



Frá afhendingu umhverfisstjórunar

Vottað umhverfisstjórnunarkerfi

Almenna verkfræðistofan hefur hlotið vottun á umhverfisstjórnunarkerfi sitt samkvæmt alþjóðlega umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001:2004. Vottunin sem Vottun hf. staðfesti nær til allrar starfsemi fyrirtækisins.

Umhverfisstjórnunarkerfið er fellt inn í gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins sem var vottað snemma árs 2005 samkvæmt ISO 9001:2000 staðli. Í báðum tilvikum var Almenna verkfræðistofan fyrsta verkfræðistofan sem vottað var af eina íslenska vottunarfyrirtækinu, Vottun hf.

Þróun umhverfisstjórnunarkerfisins byggist á því að mörkuð er stefna og sett markmið í umhverfismálum sem miða að því að uppfylla sífellt auknar kröfur samfélagsins. Þessum markmiðum mun Almenna verkfræðistofan ná með stýringu á eigin starfsemi og með ráðgjöf til viðskiptavina.

Nýr fagstjóri Virkjana- og samgöngusviðs

Egill Viðarsson byggingarverkfræðingur, hefur verið ráðinn fagstjóri Virkjana- og samgöngusviðs. Egill hefur starfað hjá Almennu verkfræðistofunni frá árinu 1998.

Við bjóðum Egil velkominn til nýrra starfa.

Ölgerð Egils Skallagrímssonar í nýtt húsnæði

Ölgerðin er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins á sínu sviði. Það varð til við samruna tveggja fyrirtækja, annars vegar Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. og hins vegar Danóls hf. Í upphafi árs 2009 áætla Ölgerðin að flytja inn í eitt allra fullkomnasta lagerhúsnæði landsins. Það mun hýsa bæði lager fyrirtækisins auk þess sem þar verða skrifstofur fyrirtækisins. Nýja húsnæðið verður á Grjóthálsi við hliðina á húsum Ölgerðarinnar. Hönnuðir byggingarinnar eru m.a. Arkitektur.is, Lagnatækni og Línuhönnun. AV mun annast hönnun burðarvirkja í samstarfi við Verkfræðistofu Þorsteins Magnússonar. Framkvæmdin er alfarið í höndum ÍAV.

Styrkur úr rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar

Nýlega var úthlutað úr rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar styrkjum til þriggja verkefna sem Almenna verkfræðistofan mun koma að. Almenna verkfræðistofan í samvinnu við Harald Ólafsson, prófessor, hlaut 1,5 milljón króna styrk vegna könnunar

á veðurfari á Sprengisandsleið. Kannað verður veðurfar á og rétt norðan við Sprengisand, nánar tiltekið á þeim slóðum sem líklegt er að nýr uppbyggður Sprengisandsvegur myndi verða lagður. Notaðar verða fyrirbyggjandi upplýsingar um hita, veðurhæð úrkomu og skyggni frá veðurstöðvum á miðhálandinu til að meta hversu oft og hve lengi í einu veðurskilyrði yrðu með þeim hætti að vegurinn gæti lokast vegna lélegs skyggnis, ófærðar eða veðurhæðar.

Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor, í samvinnu við Almennu verkfræðistofuna, hlaut 1,0 milljón króna styrk til verkefnisins: "Umferðaröryggi á hálandinu: Kárahnjúkavegur". Í umræðu um gerð uppbyggðra vega á hálandinu skiptir umferðaröryggi nokkru máli. Ef hálandisvegir eru gerðir aðgengilegri má búast við aukinni umferð. Kárahnjúkavegur hefur þá sérstöðu að vera tiltölulega langur heilsársvegur inn á hálandið þar sem verið hefur mikil umferð á síðustu árum. Safnað verður saman tiltækum gögnum um umferðaröryggi á veginum sem má nýta við athugun á annarri vegagerð á hálandinu.

Almenna verkfræðistofan tekur þátt í samstarfi um áframhaldandi vinnslu og

þróun á hugbúnaði og aðferðarfræði til að meta burðarþol vega þegar frost fer úr jörðu á vorin. Verkefnið hlaut að þessu sinni tæplega 3 milljón króna styrk. Þetta árið verður áhersla lögð á að þróa spálíkan sem metur ástand vegakerfisins, (frostdýpi og rakastig) út frá veðurupplýsingum. Gífurlegir fjármunir fara árlega í viðhald vega og aðrar fyrirbyggjandi aðgerðir til að lágmarka skemmdir vega, og er markmið þessa verkefnis að gera Vegagerðinni kleift að lágmarka þær skemmdir sem eiga sér stað þegar frost fer úr jörðu á vorin. Allt að 90% skemmda á vegkerfinu eiga sér stað á vorin.

Raforkuflutningskerfi á Reykjanesskaga

Vegna áforma Landsnets um uppbyggingu raforkuflutningskerfis á Reykjanesskaga hafa Suðurlindir ohf. fengið AV til að bera saman háspennu-loftlínur og jarðstrengi sem lausn á raforkuflutningsþörf á Suðurnesjum. Suðurlindir er opinbert hlutafélag í eigu sveitarfélaganna Grindavíkurborgar, Hafnarfjarðarkaupstaðar og Sveitarfélagsins Voga.

Nýlega lagði AV fram greinargerð, þar sem einkum er fjallað um mat á upplýsingum og forsendum Landsnets varðandi rekstrarþætti, framkvæmdarkostnað og umhverfisáhrif loftlína og jarðstrengja. Greinargerðin er unnin í samvinnu við Egil B. Hreinsson, prófessor við Háskóla Íslands. Í greinargerðinni er einnig fjallað um flutningsgetu háspennulína.



Húsband AV spilaði nokkur lög

Árshátíð AV á Selfossi

Árshátíð Almennu verkfræðistofunnar var haldin 8.mars sl. á Hótel Selfossi. Mikil stemning var í hópnum og öll aðstaða til fyrirmyndar á Selfossi.

Stemningin náði þó hámarki þegar tilkynnt var um úrslit í "Almenna Vision". en ljóst er að starfsmenn stofunnar hafa hæfileika á öðrum sviðum en verkfræði og eru framtíðar "Eurovision farar".

NÝIR STARFSMENN



Ásgeir Ólafsson

Er með M.Sc. gráðu í Fasteignastjórnun frá Georg Simon Ohm Hochschule Nürnberg í Þýskalandi.

Hann hóf störf í apríl sl. á Verkefnastjórnunarsviði.



Björgvin M. Pétursson

Er með B.Sc. gráðu í byggingarfræði frá Vitus Bering í Danmörku

Hann hóf störf í febrúar sl. á Verkefnastjórnunarsviði.



Ómar Örn Kristófersson

Er með B.Sc. gráðu í byggingarfræði frá Vitus Bering í Danmörku

Hann hóf störf í mars sl. á Akranes skrifstofu.